

Íslenzk utanríkisverzlun milli tveggja heimsstyrjalda

FORSPJALL.

Í hinna rituðu mannkynssögu eru konungaskipti oftast látin marka þættina. Tæknislega séð er þessi tilhögun til hægri verka, en að öðru leyti virðist hún sjaldan hafa stoð í veruleikanum, því að sagan er að mestu samfelld orsaka-keðja. Einstaka sinnum rofnar þó samhengið; þá verða hin raunverulegu þáttaskipti. Fyrr á öldum kann að vera, að konungar hafi brotið blað í sögu þjóða sinna, en nú á tímum hafa straumhvörfin verið verk óeðalborinna mikilmenna eða afleiðing styrjalda og þjóðfélagsbyltinga.

Eitt nærtækasta og gleggsta dæmið, sem við höfum um slík tímamót, er síðasta heimsstyrjöld. Í upphafi heimsstyrjaldarinnar slitnaði þráðurinn í sögu flestra þjóða, jafnt hlutlausra sem stríðandi, og eftir friðarsamningana var tekinn upp nýr þráður. Þannig var og um Ísland. Þá varð slíkt umrót í lífi þjóðarinnar, að fullyrða má, að nýtt skeið hæfist í sögu hennar. Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Að vísu áttu Danir áfram að fara með utanríkismálin, en Íslendingar höfðu þó þegar tekið veigamesta þátt þeirra, hin efnahagslegu skipti við aðrar þjóðir, utanríkisverzlunina, í sínar hendur. Það er einmitt sá þáttur í lífi þjóðarinnar, sem hér verður gerður að umtalsefni. Ástæðan til þess er, að enn á ný hefir teningunum verið kastað, og því samfara hafa orðið þáttaskipti í verzlunarsögu Íslendinga. Það er önnur heimsstyrjöld, sem raskinu veldur. Hún hefir slegið botninn í þann kafla úr sögu íslenzkrar utanríkisverzlunar, sem hófst í lok heimsstyrjaldarinnar miklu. Það virðist því næsta eðlilegt, að staldr að sé við og horft yfir runnið skeið.

SÖGULEGT YFIRLIT.

Í styrjöldum er frjáls verzlun afnumin. Ríkin verða verzlunaraðilar í stað einstaklinga, og

FRJÁLS VERZLUN

Fyrri kafli

kaup og sala markast ekki af kaupgetu og söluvilja, heldur af hernaðarstyrkleik og hnattstöðu. Utanríkisverzlun Íslendinga laut þessu lögmáli í heimsstyrjöldinni miklu, en sú saga verður ekki rakin hér. Í stríðslokin var þó svo komið, að Íslendingar voru samkvæmt samningi við Bandamenn skyldaðir til að selja þeim þann hluta afurða landsins, sem þjóðin ekki þarfnaðist sjálf. Í staðinn skuldbundu Bandamenn sig til að láta Íslendingum í té ákveðinn skammt af ýmsum erlendum nauðsynjavörum. Bæði hinar inn- og útfluttu vörur voru seldar fasta-verði, sem Bandamenn ákváðu. Framkvæmd verzlunarsamningsins af Íslendinga hálfu var falin tveim nefndum, Útflutningsnefnd og Innflutningsnefnd, og dreifing hinna erlendu vara innanlands lá að nokkuru leyti í höndum Landsverzlunarinnar. Frjálst framtak í verzlunarefnum var því að mestu bundið í viðjar.

Á Íslandi, eins og raunar víðast hvar annarsstaðar, héldu menn, að þegar stríðinu lyki, myndi allt falla aftur í ljúfa löð, öll höft yrðu samstundis afnumin og frjáls verzlun myndi falla aftur í sinn fyrri farveg. En því fór fjarri, að svo yrði, því að í stríðinu og með friðarsamningunum höfðu ný ríki verið stofnsett, ný tollamæri verið dregin og ný iðnaðarlönd og héruð skapast, þ. e. a. s. algjörlega nýr viðskiptaheimur var risinn úr sæ. Þessar breytingar hlutu því að raska verzlunarbrautum fyrirstríðstímans, og það því fremur sem í kjölfar þeirra flaut víðtækt þjóðfélagsumrót, byltingar, verkföll og fjármálaglundroði.


Eftir að vopnahlé var samið varð því þróun

íslenzkrar utanríkisverzlunar töluvert smástígari en ýmsa hafði órað fyrir. Hinn 10. jan. 1919 voru þó stríðsákvæðin varðandi innflutningsverzlunina numin úr gildi og Innflutningsnefnd lögð niður. Nokkur töf varð þó á, að útflutningsverzluninni yrðu gerð sömu skil; því olli samningurinn við Bandamenn. Hann átti að gilda til 1. maí 1919, og alveg fram á síðustu stundu var mönnum ókunnugt um, hvað taka mundi við að honum útrunnum. Reyndin varð sú, að samningurinn varð ekki framlengdur í neinni mynd, svo að hinn 12. maí var tilkynnt með auglýsingu, að fást mundi óhindraður útflutningur á öllum innlendum afurðum að undanskyldum hestum, meðalalýsi og hrognum. 2. júlí var útflutningur svo gefinn frjálfs á öllu nema hestum, því að ríkisstjórnin hafði tekið útflutning þeirra í sínar hendur. Þannig hvarf hvert haftanna af öðru.

En þegar verzlunin var orðin mikið til frjáls, komu aðrir örðugleikar til sögunnar. Það var verðfallið. Í stríðslok og fram á árið 1919 hafði

verðlag farið mjög hækkandi. Íslenzkir framleiðendur voru mjög framtaksbráðir eftir að þeir voru lausir undan hinum þvingandi stríðsráðstöfunum og réðust í umfangsmikil kaup á framleiðslutækjum. Framleiðslutækin voru keypt mjög háu verði, en fyrst í stað gekk þó allt vel, því að einnig framleiðslan seldist háu verði. Sumir vildu hagnast betur og frestuðu sölu á framleiðslu sinni til þess að selja hana, þegar verðið væri orðið enn herra. En svo dundi ógæfan yfir, verðfallið skall á. Verð íslenzkra afurða hríðféll, og framleiðendur sátu eftir með vörubirgðir, dýr framleiðslutæki og hlaðnir skuldum. Afleiðing þessa urðu gjald-eyrisörðugleikar, sem færðust í aukana við það, að mönnum var ekki ljóst, að íslenska krónan hafði í stríðinu losnað úr tengslum við dönsku krónuna og fengið sérgengi.

Eins og meðfylgjandi línurit sýnir, þrengdist mjög hagar útflutningsverzlunarinnar á þessum árum. Og þegar landsmenn fengu minna fé milli handa fyrir útflutningsvörur sínar,



minnkaði innflutningurinn einnig. Yfirleitt er þetta lögmál, sveiflusamband út- og innflutningsins, atriði, sem greinilega kemur fram á línuritinu.

Fyrstu árin eftir stríðið urðu af áðurgreindum ástæðum mjög erfið atvinnuvegunum, og utanríkisverzlunin kyrktist saman, bæði að verðmæti og vörumagni. Það er þó rétt að taka það fram, að magn útflutningsverzlunarinnar jókst á þessum árum þrátt fyrir mjög óhagstætt verðlag. Lágmark þessarar hagsveiflu varð árið 1921; þá var verzlunarjöfnuðurinn óhagstæður um ca. 21 milljón kr. og hefir aldrei síðan orðið jafn óhagstæður.

En svo kom árið 1924 með þorskinn og hækkanði verðlag. Í viðskiptayfirliti í Verzlunartíðindunum frá 1925 er komið svo að orði: „Árið 1924 hefir verið hagstætt verzlunarár, og mun þess lengi verða minnst í sögu þjóðarinnar sem eins hins mesta afla- og viðreisnarárs, sem yfir hana hefir runnið“. Þetta hafa reynzt sannmæli, því að árið 1924 komst útflutningurinn upp í 86,3 millj. kr., og verzlunarjöfnuðurinn var hagstæður um ca. 22 milljónir. Hvorki fyrr né síðar hefir útflutningurinn orðið hærri að krónutali né verzlunarjöfnuðurinn hagstæðari. (Hafa ber í huga, þegar línuritið er skoðað, að þar er ekki tekið tillit til gengisbreytingar ísl. krónunnar, og að ef verðmæti utanríkisverzlunarinnar væri umreiknað í gullkrónur, mundi línuritið auðvitað stórbreytast.) Sem eðlileg afleiðing hins mikla útflutnings árið 1924 hækkaði innflutningurinn árið 1925, en þó ekki eins mikið og búast mátti við, sökum þess að verðlag var fallandi á heimsmarkaðinum, og gengi krónunnar var hækkanði.

Árið 1925 var einnig gott aflaár, en þó fjarri lagi eins gott verzlunarár og hið undangengna, því að verð afurðanna var fallandi og óstöðugt, og gengissveiflur ollu truflunum á utanríkisverzluninni.

Það er vert að geta þess, að á umræddum árum óx frjálsræði íslenzkrar verzlunar til verulegra muna, og síðustu leifar stríðshaftanna, Landsverzlunin, var lögð niður í ársbyrjun 1926.

Eins og áður er getið, var árið 1925 þegar farið að örla á nýrri kreppu. Næsta ár hélt verðfall útflutningsafurðanna enn áfram, svo engu var líkara en geigvænleg kreppa væri í uppsiglingu. Auk þess sem verðfall varð, minnkaði jafnframt útflutningsmagnið, svo að verzlunarjöfnuðurinn varð nú óhagstæður í fyrsta sinn á átta ára skeiði.

Áður en vonum varði kom í ljós, að um raunverulega kreppu var ekki að ræða, heldur miklu

frekar um skammvinnan afturkipt, eða, eins og seinna kom á daginn, um kreppu-fyrirboða, ef svo mætti að orði komast. Árið 1927 kom nefnilega viðskiptabatinn. Verðfallið hélt að vísu nokkuð áfram á árinu, en þorskaflinn var í bezta lagi og einmuna síldarvertíð, svo að þrátt fyrir fallandi verð jókst útflutningsverðmagnið mjög, og verzlunarjöfnuðurinn varð óvenju hagstæður. Árið 1928 náði svo sveiflan hámarki sínu, því að bæði var það mjög hagstætt framleiðsluár, góður þorsk- og síldaraflinn, og svo fór afurðaverðið hækkanði. Útflutningur á árinu nam ca. 80 millj. krónum, og verzlunarjöfnuðurinn var hagstæður um 15 millj. krónum. Gengur þetta veltuár næst uppgangstímanum 1924—1925.

Allt frá stríðslokum fram til þessa hafði sú stefna verið ráðandi í verzlunarmálunum, að afkomu þjóðarinnar væri því betur borgið, því færri sem þær tálmanir og hömlur væru, sem á verzlunina væru lagðar. En nú fer ný stefna að láta til sín taka, einokunar- og haftastefnan. Einmitt á veltuárinu 1928 skjóta fyrstu útverðir hennar upp kollinum, það eru Síldareinkasalan og Áburðareinkasalan. Seinna var svo gengið á lagið.

En það er víst rétt að halda áfram þræði línuritsins. Árið 1929 var einnig góðæri, og hefði verzlunarafkoman átt að vera samileg þrátt fyrir heldur fallandi verð á útflutningsafurðunum, ef innflutningurinn hefði ekki aukizt svo gífurlega. Árið 1930 fer þróunin að taka ákveðnari stefnu. Aflaföng voru í betra lagi, enda var framleitt án minnsta tillits til þarfa þjóðarinnar og kaupgetu eða hins fallandi verðlags, sem seinni hluta ársins tók mjög að gjöra vart við sig. Það var fyrsti vísir kreppunnar miklu á Íslandi.

Hagþróun íslenzks viðskiptalífs hafði í stórum dráttum verið samstiga hagsveiflum heimsmarkaðarins, raunar ýfið seingengari. Þannig var því einnig háttað með kreppuna.

Árin 1926—29 höfðu verið veltuár í heimsviðskiptunum. Haustið 1929 varð mikið verðbréðfahrun á kauphöllinni í New York. Þetta var fyrsti vísirinn á kreppunni miklu, sem brátt breiddist út frá Bandaríkjunum til meginlands Evrópu. Þar lét hún fyrst alvarlega til sín taka í maí 1931, er Österreichische Credit-Anstalt í Wien komst í greiðslubrot. Við þetta áfall lamadist ekki einungis austurrískt atvinnulíf, heldur guldu einnig frönsk fjármál afhroð mikið. Þýzkaland fór auðvitað heldur ekki varhluta af hruninu. Þann 12. júní 1931 varð einn af stærstu bönkum Þýzkalands, Darmstädter und Nationalbank, að loka. Loks kom að því, að kreppan

teygði klær sínar út til Englands, svo að 20. sept. 1931 varð Bank of England að hverfa frá gullinnlausn. Þetta eru nokkrir áfangar í hinu mikla hruni, sem almennt hefir verið kallað kreppan mikla. Það yrði of langt mál hér að skýra tildrög hennar og afleiðingar, enda aðeins drepði á þessi atriði til þess að benda á tengsl íslenzkrar utanríkisverzlunar við þróun heimsviðskiptanna.

Heimskreppan gerði eins og áður er sagt fyrst vart við sig árið 1929, og aðaleinkenni hennar voru fallandi verðlag og minnkandi framleiðsla. Á Íslandi varð kreppunnar fyrst vart seinni hluta ársins 1930, og hún lýsti sér, að minnsta kosti í upphafi, einkum í verðfalli, en framleiðslan jókst. Hinn síðarnefndi eiginleiki hennar átti seinna eftir að hafa örlogarík áhrif á gjaldeyrismál þjóðarinnar. Árið 1931 var augljóst, að kreppan var komin í alveldi sínu til Íslands. Afli var góður þetta ár eins og hið fyrra, en það stoðaði ekkert, því verðfallið varð geipilegt. Þetta var þá þriðja árið í röð með óhagstæðum verzlunarjöfnuði.

Héðan af tóku kreppuráðstafanir að móta utanríkisverzlunina. Í september var enska pundið fellt, og samtímis tóku Íslendingar þá ákvörðun, að láta krónuna fylgja því. 2. október 1931 var á Íslandi gefin út reglugjörð um gjaldeyrisverzlun, byggð á lögum frá 4. júní 1924. Samkvæmt reglugjörðinni átti öll gjaldeyrisverzlun að fara í fram í gegnum bankana, útflytjendur voru skyldaðir til að láta erlenda gjaldeyri af hendi við bankana fyrir skráð gengi. Feti framur var svo stigið með reglugjörð frá 23. okt. 1931, sem byggð var á lögum frá 8. marz 1920, um bann við innflutningi á ónaðsynlegum vörum.

Þá hófst tímabil innflutningshaftanna. En kreppuþróun viðskiptalífsins hélt áfram þrátt fyrir innflutningshöft og annað vanhugsað andþóf stjórnarvaldanna.

Árið 1931 hafði verið erfitt verzlunarár, en árið 1932 varð sýnu erfiðara, því að verð íslenzkra afurða var nú fallið niður úr öllu valdi, t. d. má geta þess, að á árunum 1929—32 féll útflutningsverð á kjöti um ca. 47% (á sama tíma féll þó verð á næringarefnum úr dýraríkinu almennt ekki nema 20—30% á heimsmarkaðinum), ull féll um 68% (niður fyrir ullarverðlag um aldamótin) og húðir féllu um 78%. Meðalverðfall á útflutningsvörum var ca. 50%, en saltfiskur féll á árunum 1928—33 um 40%. Samtímis því að slíkt verðfall varð á útflutningsvörum, var hin óarðgæfa framleiðsla aukin með aðstoð bankanna eins lengi og hægt var, verðlaginu innanlands var haldið uppi með háu kaupum og þannig sköpuð óeðlileg kaupgeta. Undir verðbólgunu runnu þannig þrjár meginstöðir, óhæfileg ríkisútgjöld, óhæfileg útlánastarfsemi bankanna og óhæfilegar kaupkröfur vinnuseljendanna. Það er á þessum árum, sem misgengið skapast, er síðar átti eftir að leiða til gengisfellingar krónunnar. Stjórnarvöldin létu sig þessa þróun litlu skipta, en einblíndu í þess stað á takmörkun influtningsins.

Árið 1932 voru Innflutnings- og Gjaldyrisnefnd sameinaðar í eina nefnd með all-viðtæku valdi. Það ár varð innflutningurinn aðeins ca. 37 millj. krónur. Er það lægsta innflutningsár eftir stríð. Á árinu var gerð-

ur verzlunarsamningur, sem markar nokkur tímamót í ísl. verzlunarsögu. Það var „norski samningurinn“. Fram til þessa höfðu allir ísl. verzlunarsamningar verið mjög í anda hinna frjálslyndu beztukjarasamninga, en nú fara sérréttindasamningarnir að gjöra vart við sig. Þann 17. marz 1932 var hinn svonefndi „norski samningur“ gerður. Hann tryggði Íslendingum sölu ákveðins magns af saltkjöti í Noregi, en í þess stað fengu Norðmenn nokkur sérréttindi fram yfir aðra útlendinga við síldveiði norðanlands. Samningur þessi er skýrt tímanna tákn. Útflutningsmarkaðirnir voru eins og jafnan á krepputímum farnir að þrengjast, og verndartollar, innflutningshöft og séraréttindasamningar komust í algleyming. Seinna á árinu kom stefnuhvarfið frá beztukjarasamningum til verndartolla og séraréttindasamninga mjög greinilega í ljós, því að á Ottawapínginu 21. júlí 1932 hurfu Englendingar frá frjálsri verzlun og tóku upp verndartolla.

Verð afurðanna hækkaði nokkuð árið 1933, svo að lítið eitt virtist rofa til fyrir utanríkisverzluninni. Menn gerðu sér vonir um að kreppunni væri lokið. En það var tálvon, því að þótt verðfallið væri nú stöðvað, þá héldu markaðarnir óðfluga áfram að þrengjast. 22. maí 1933 var gerður viðskiptasamningur við Stóra-Bretland. Samningurinn var af Breta hálfu mjög í anda tollverndarstefnunnar frá Ottawa. Lagður var 10% innflutningstollur á freðfisk til Englands, Íslendingar voru skyldaðir til að kaupa 77% af kolum sínum í Englandi og að lækka toll á vefnaðarvöru úr 15% niður í 10%.

Brátt tóku fleiri að gera kröfur á hendur Íslendingum, sem sumar voru mjög torleystar. Jafnvirðisakaustefnan var að ná yfirhöndinni í mörgum helztu viðskiptalöndum Íslendinga. Grikkir gerðu árið 1934 kröfu til jafnvirðisakaupa, er árangurinn af þeirri málaleitan varð sá, að grísk-íslenzk viðskipti lögðust niður. Sama ár settu Spánverjar hömlur á saltfiskinnflutning, og nokkrir innflutningsörðugleikar gerðu einnig vart við sig í Portúgal. Að lokum var á árinu gerður verzlunarsamningur við Þjóðverja á grundvelli jafnvirðisakaupa. Það er nú öllum kunnara en frá þurfi að segja, hversu skerðandi fyrrnefndir samningar og innflutningshömlur voru fyrir íslenzka útflutningsverzlun. Ekki voru áhrifin á innflutningsverzlunina léttari á metunum, því hverju áfalli, sem útflutningsverzlunin varð fyrir, svöðu stjórnarvöldin með því að herða á innflutningshöftunum. Fyrst var það gert 8. marz 1934; þá voru ýmsar fleiri vörur gerðar leyfisskyldar; og síðan var jafnt og þétt hert á þeim, þar til sumarið 1939, er frílistinn kom til sögunnar. Árið 1935 héldu erfiðleikar útflutningsins áfram og færðust jafnvel í aukana, því að 29. maí 1935 var gerður verzlunarsamningur við Ítalíu, sem hafði í för með sér tilfinnanlega lækun á saltfiskskvóta Íslendinga. Sama ár hófst Abessiníustyrjöldin, sem setti verzlun við Ítalíu að miklu leyti út um þúfur.

Í lok ársins 1935 má telja, að heimskreppunni sé að mestu lokið, því að þótt verðlag stigi lítið, jókst framleiðslan í flestum löndum. Á Íslandi var viðhorfið annað; að visu steig verð útflutningsvaranna nokkuð, en þó var hér enn ríkjandi kreppuástand. Til þessa lágu þrjár

Frh. á bls. 31.

járn- og alúminíum-framleiðendum í Evrópu. Þegar París er undantekin, þá liggja aðal-iðnaðarhérað Frakka nálægt landamærunum, en á síðustu tímum hefir mikið af verksmiðjum verið flutt inn í landið. Mesti styrkur Frakka liggur í landbúnaðinum, en landbúnaðarframleiðslan er mjög fjölbreytt og góð. Frakkland og nýlendur þess í Norður-Afríku eru sjálfu sér nóg að kornrækt. Utanríkisverzluninni er vel skipt og eru Frakkar engu einstöku landi mjög háðir um verzlun. Mestur er innflutningurinn olía, kol, hráefni til vefnaðarvara, en útflutt er einkum, stál og alúminíum, auk allskonar skraut- og glysvarnings.

Íslensk utanríkisverzlun frh. af bls. 19

ástæður: aflabrestur, hrundir saltfiskmarkaðir og glundroði í gengi krónunnar. Árið 1935 hafði nefnilega ein ný plágan komið til skjalanna, aflabresturinn. Fyrst hafði útflutningsverð afurðanna fallið og síðan markaðir lokast, lengst af hafði hvorki verið hörgull á þorski né síld, en nú fór í hönd heil röð aflaleysisára.

Það tekur að rofa til. Á miðju árinu 1936 fór verðlagið á heimsmarkaðinum að stíga og verð íslenskra útflutningsafurða hækkandi, en aflinn var eins og á undangengnu ári mjög tregur. Mikið tjón beið ísl. saltfiskframleiðsla af því, að bylting brauzt út á Spáni, og að mestu tók fyrir viðskipti við landið, sem hafði verið stærsti kaupandi íslenskra útflutningsafurða. Nokkur búhnykkur var Íslendingum aftur í auknum kvóta fyrir kindakjöt, sem þeir fengu í Englandi, hækkuðum innflutningi á ísfiski til Þýskalands og auknum síldarútflutningi til Póllands.

Verðið hélt áfram að hækka á heimsmarkaðinum fram til ársins 1937. Verð á íslenskum afurðum, svo sem síldar- og landbúnaðarafurðum, steig til muna, en verð á saltfiski var lágt og aflabrógð slæm, svo að verzlunarafkoman var enn sem fyrr með erfiðasta móti. Seinni hluta ársins 1937 varð dálítið verðfall á heimsmarkaðinum og framleiðslustöðvun í ýmsum greinum þungaðnaðarins. Töldu margir, að um kreppuvísi væri að ræða. En er frá leið, varð víða vart við bata, framleiðslan færðist á ný í aukana, og verð féll ekki frekar en orðið var og steig jafnvel á sumum sviðum. Árið 1938 gætti þó enn á ný nokkurs verðfalls, og féllu íslenskar útflutningsvörur, svo sem landbúnaðar- og síldarafurðir, í verði. Báðir aðalatvinnuvegirinnir, landbúnaðar- og sjávarútvegur, áttu í vök að verjast, landbúnaðurinn sökum verðfalls og mæðiveiki, og sjávarútvegurinn sökum aflaleysis og framleiðslukostnaðar.

Í árslok 1938 var kreppunnar orðið vart í Bandaríkjunum, Englandi og víðar. Verð féll, og framleiðsla minnkaði. En í ársbyrjun 1939 gætti þessara fyrirbrigða til dæmis í Englandi ekki eins ljóslega, því að þá hafði þungaðnaðurinn verið tekinn í þágu vígbúnaðarins, og ríkisstjórnir þar og í fleiri öðrum löndum tóku að örva viðskiptalífið með auknum ríkisframkvæmdum og lánsfjárfenslu.

Á Íslandi var afkoma utanríkisverzlunarinnar enn sem fyrr mjög erfið, aflaleysi, misgengi og innflutnings-

„FRJÁLS VERZLUN“

Útgefandi: Verzlunarmannafélag Reykjavíkur. —
Formaður: Friðþjófur O. Johnson.

Ritstjóri: Einar Ásmundsson. Ritnefnd: Adolf Björnsson, Björn Ólafsson, Pétur Ólafsson, Pétur O. Johnson, Vilhjálmur P. Gíslason. — Skrifstofa: Mjólurfélagshúsinu, 2. hæð, herbergi 16—17. — Áskriftargjald: 5 krónur á ári, 12 hefti. — Lausala: 0,50 aura heftið. — Prentsmiðja: Ísafoldarprentsmiðja h.f.

höft settu mark sitt á atvinnulífið. Um vorið greip stjórnin til þeirra umdeildu ráða, að fella gengi krónunnar. Tilgangur þessara aðgerða var að afmá misgengið og ýta undir útflutningsframleiðsluna. Um sömu mundir var mynduð þjóðstjórn, og eitt af verkum hennar var að stofna til svonefnds frílista. Var þá í fyrsta sinn síðan 1931 að minnsta kosti að nafninu til leitast við að stöðva framrás haftastefnunnar. Utanríkisverzlunin, hvorki inn- né útflutningsverzlunin, var þó engan veginn búin að rétta sig úr kreppukútnum. Hverjar afleiðingar gengisfellingarinnar hefðu orðið, eða hvort þjóðstjórnin hefði haldið áfram að stefna í áttina til frjálsari verzlunar, skal ósagt látið, enda verður það hvorki sannað né hrakið, því að nú komu önnur öfl til sögunnar, sem höfðu gjörbyltandi áhrif á utanríkisverzlunina. Ný heimsstyrjöld var hafin og með henni knúðu ný vandamál að dyrum. Enn sem fyrr verður heimsstyrjöld til þess að skerða hið mjög svo þrönga olnbogarúm, sem frjáls verzlun hafði á Íslandi. En sem betur fer eru þó verzlunarhömlurnar að þessu sinni ekki fyrst og fremst sjálfskaparvíti, heldur afleiðing erlends valdboðs.

Úr viðskiptalífinu

Lítill telpa kom inn í sælgætisbúð og vildi fá lakkrís fyrir 10 aura.

„Ég hefi því miður ekki lakkrís“, sagði búðarmaðurinn. „Er nauðsynlegt að það sé lakkrís, viltu ekki eitthvað annað?“

„Nei“, sagði litla telpan, „ég er nýbúin að missa hana kisu. Ég er í sorg og mér finnst ég verði að borða lakkrís á meðan“.

*

Það er mjög óþægilegt, þegar viðgerðir á byggingum hafa það í för með sér, að fyrir framan verzlunarglugga er reistur reisipallur eða jafnvel grindverk. Fólk hættir að taka eftir verzluninni. Þetta kom eitt sinn fyrir blómaverzlun, en eigandinn var ekki af baki dottinn: Hann kom blómsturvasa fyrir á reisipallinum og hjá honum spjaldi, sem á stóð: „Verzlunin heldur áfram“.

Það hreif: Fólk tók aftur eftir verzluninni.

Íslensk utanríkisverzlun milli tveggja heimsstyrjalda

VIÐSKIPTABRAUTIR.

Sökum hnattstöðu og hræfnalinda er framleiðsla hinna ýmsu landa mjög mismunandi. Á tímum frjálsrar verzlunar skapast viðskipti milli þeirra landa, sem selt geta hvoru öðru eða þriðja landi ódýrustu verði þær vörur, sem annanhvorn aðilan vanhagar um. Þannig skapast fastar viðskiptabrautir, útflutningur eins lands fer að mestu til einhverra ákveðinna landa og sömuleiðis kemur innflutningurinn að mestu frá ákveðnum löndum. Með breyttum framleiðsluskilyrðum eða aðgerðum ríkisvaldsins (tollum, verzlunarsamningum o. s. frv.) breytast viðskiptabrautirnar.

Eftir að saga íslenzkrar utanríkisverzlunar síðastliðna tvo áratugi hefir hér að framan verið rakin í stórum dráttum, er ekki ófróðlegt, að áhrif þessa breytingaríka tímabils á viðskiptabrautirnar séu nánar krufin.

Við skulum þá fyrst snúa okkur að útflutningsverzluninni. Fyrsta árið eftir stríð, sem sagt verður, að útflutningsverzlun sé alveg frjáls, var árið 1920. Það er því rétt að taka landaskiptingu útflutningsins þetta ár til frekari athugunar. Þá skiptust 98% af útflutningi vorum á eftirfarandi hátt:

1. Spánn	35,8 %
2. Bretland	18,7 %
3. Danmörk	13,4 %
4. Ítalía	11,3 %
5. Noregur	10,8 %
6. Svíþjóð	6,0 %
7. Bandaríkin	1,6 %
8. Þýskaland	0,5 %
9. Portúgal	0,1 %

Ef við tökum nú til samanburðar skiptingu útflutningsins milli sömu landa árið 1937, en það er því miður síðasta árið, sem endanlegar

Síðari kafli

hlutfallstölur um landaskiptingu útflutningsins hafa verið birtar, kemur eftirfarandi í ljós:

1. Þýskaland	18,9 %
2. Bretland	17,6 %
3. Noregur	12,6 %
4. Portúgal	9,2 %
5. Danmörk	9,0 %
6. Bandaríkin	7,7 %
7. Svíþjóð	6,9 %
8. Ítalía	4,6 %
9. Spánn	0,6 %

Við samanburð þessara tveggja dálka rekur maður fyrst augun í endaskiptin, sem hafa orðið á röðinni. Þýskaland, sem árið 1920 keypti aðeins 0,5% af útflutningi vorum, er árið 1937 orðinn stærsti kaupandi íslenzkra afurða, og kaupir 18,9% af öllum útflutningnum. Öðru máli gegnir um Spánn. Árið 1920 keypti Spánn 35,8% og 1925 komst hann meira að segja upp í að kaupa 40,5% af öllum útflutningi vorum, en árið 1937 er hlutdeild hans í útflutningnum aðeins orðin 0,6%. Ef þróunarferill þessara viðskipta er rakinn nánar, sést, að kaup Þjóðverja á íslenskum afurðum hafa aukizt nærri óslitið frá því um stríð, og þó mest eftir verzlunarsamninginn árið 1934. Kaup Spánverja á íslenskum afurðum jukust allstöðugt frá stríðslokum fram til ársins 1925, en eftir það fara þau heldur lækkandi, þar til 1934, en þá hríðféllu þau fyrst sökum innflutningshafta, sem tekin voru upp þar í landi, og síðar útilokaði stjórnleysi og byltingarástand öll viðskipti við Ísland.

Staða Englands og Norðurlanda í íslenzkri útflutningsverzlun hefir lítið breytt á þessu árabili. Þó fór hlutfallstala Danmerkur lækkandi frá stríðslokum til ársins 1930, er hún var komin niður í 4,3% af útflutningnum, en síðan fór hún smáhækkandi og var 1937 orðin 9,0% af útflutningnum, sem er til muna lægri hlutfallstala en 1920.

Útflutningurinn til Ítalíu og Portúgal hefir og verið töluverðum breytingum undirorpinn. Eftir stríðið var útflutningur til Ítalíu nokkuð jafn og tryggur frá ári til árs, fór þó heldur hækkandi og var árið 1924 orðinn 14,2% af öllum útflutningnum. Fram á árið 1934 hélzt þetta með líku sniði, en árið 1935 tóku Ítalir að þrengja kosti okkar og þaðan í frá fór útflutningurinn þangað hríðlækkandi. Útflutningur til Portúgal var fyrst eftir stríðið lítill sem enginn, en árið 1928 fara íslenzkar afurðir að festa fót þar í landi og smám saman tókst ísl. saltfiski að miklu leyti að bola norskri framleiðslu af markaðinum, svo að árið 1934 keypti Portúgal 17,4% af öllum útfl. vorum. En því miður þrengdust líka þessir markaðir síðar. Þá er einnig athyglisvert á áður nefndri skýrslu, hve útfl. til Bandaríkjanna hefir aukizt.

Næst liggur þá fyrir að gera nokkra grein fyrir þróun innflutningsverzlunarinnar. — Árið 1920 keyptu Íslendingar 98% af innfluttum vörum frá eftirtöldum löndum:

1. Bretland	38,7%
2. Danmörk	31,9%
3. Bandaríkin	14,9%
4. Svíþjóð	4,0%
5. Spánn	3,1%
6. Noregur	2,7%
7. Þýskaland	2,3%
8. Ítalía	0,1%
9. Portúgal	0,1%

Árið 1937 var skiptingin orðin þannig:

1. Bretland	28,6%
2. Þýskaland	20,7%
3. Danmörk	14,8%
4. Noregur	9,6%
5. Svíþjóð	9,3%
6. Ítalía	8,2%
7. Bandaríkin	1,3%
8. Spánn	0,4%
9. Portúgal	0,3%

Í innflutningsverzluninni eins og í útflutningsverzluninni eru það Þýskalandsviðskiptin, sem mestum breytingum hafa tekið. Innflutningur-

FRJÁLS VERZLUN

inn þaðan hefir stöðugt aukizt frá því í stríðslok, svo að árið 1937 er næst mest flutt inn frá Þýskalandi. Kaupin frá Danmörku hafa frá því árið 1921 stöðugt farið minnkandi. Stafar þetta af því, að viðskiptasambönd ísl. innflytjenda hafa orðið víðfeðmari, og Danmörk hefir tapað stöðu sinni sem milliliður við innfl. til Norðurlanda. Einnig frá Englandi hefir innflutningurinn farið minnkandi. Aftur á móti hafa kaup frá Noregi, Svíþjóð og Ítalíu aukizt mjög frá því stríðinu lauk. Ítalíuverzlunin jókst aðallega eftir jafnvirðis kaupsamninginn.

Við nánari rannsókn á breytingum viðskiptabrautanna kemur í ljós, að þær eru aðallega tvennskonar: eðlilegar og þvingaðar. Með eðlilegum breytingum er átt við þær breytingar, er skapazt hafa í samkeppninni sökum breyttra framleiðsluskilyrða, verðlags eða vörugæða. Þannig er því að nokkru leyti farið með þær breytingar, sem orðið hafa á viðskiptum okkar við Portúgal, Danmörku, Bandaríkin og Þýskaland. Hinar þvinguðu breytingar stafa af áhrifum, sem ekki lúta lögmálum hins frjálsa viðskiptalífs: tollum, höftum, samningum og styrjöldum. Þannig er allur þorri þeirra breytinga til kominn, sem átt hafa sér stað síðan 1933: stöðvun útfl. til Spánnar, aukinn innfl. frá Ítalíu o. s. frv.

VÖRUFLOKKAR.

Það eru ekki eingöngu viðskiptabrautirnar, sem tekið hafa nýja stefnu á þessu tímabili, heldur hafa einnig orðið stórfelldar breytingar á þeim vörutegundum, sem við flytjum út, og þeim vöruflokkum, sem innflutningurinn samanstendur af.

Eins og áður verður útflutningurinn fyrst athugaður. Í Verzlunarskýrslunum er útflutningnum skipt í sex vöruflokka. Hér verður gerður samanburður á flokkaskiptingunni árin 1920 og 1937:

	1920:	1937:
Afurðir af fiskveiðum	82,7%	72,0%
— landbúnaði	15,8%	16,7%
— veiðiskap og hlunnindum	0,4%	0,6%
— hvalveiðum	0,0%	0,4%
Iðnaðarvörur	0,1%	0,0%
Ýmislegt	1,0%	1,3%

Þessar tölur eru raunverulega illa fallnar til samanburðar og gefa litlar upplýsingar um þær miklu sveiflur, sem átt hafa sér stað á nefndu tímabili í flokkaskiptingu útflutningsins. Samkv. þessum samanburðartölum hafa t. d. litlar breytingar orðið á útflutningshlutfalli aðalatvinnuveganna, sjávarútvegsins og landbúnaðarins. En ef athuguð er þróunin síðan 1919 er auðséð, að þetta jafnvægi hefir oftast en einu sinni gengið úr skorðum. Við nánari aðgæzlu kemur þá upp

úr kafinu, að hlutfallstala sjávarútvegsins, sem árið 1919 var 66,8%, komst árið 1932 upp í 92,1%. Þróun landbúnaðar-útflutningsins var þá í þveröfuga átt. Árið 1919 nam hlutfallstala hans 31,8%, en fór svo smálækkandi, þar til hún 1932 var komin ofan í 6,8%. En eins og áður er tekið fram, hafa hlutfallstölur aðal-útflutningsflokka ekki raskast mikið á þessu tímabili, ef miðað er við hinn endanlega samanburð árið 1937. Aðalbreytingin á útflutningsvörunum hefir nefnilega einungis komið fram innan vöruflókka sjálfrá.

Eftirfarandi tafla sýnir í hundraðstölu af heildar-útflutningi nokkrar helstu breytingarnar, sem orðið hafa á útflutningsafurðum sjávarútvegsins og landbúnaðarins:

	1919:	1937:
Saltfiskur	31,2%	20,0%
Óverkaður fiskur	2,7%	6,2%
Saltsild	12,2%	10,0%
Ísfiskur	5,6%	8,1%
Harðfiskur	0,6%	0,8%
Síldarmjöl		9,1%
Fiskimjöl		1,3%
Karfamjöl		0,7%
Þorskalýsi	4,0%	6,9%
Síldarlýsi	0,5%	14,0%
Saltkjöt	15,0%	1,3%
Fryst kjöt		3,7%
Gærur	5,2%	5,2%

Á útflutningsvörum sjávarútvegsins hefir greinilega orðið fullkomin breyting. Hlutdeild saltfisksins í útfl. verðmætum hefir stórrýrnað, en útfl. óverkaðs og herts fisks aukizt. Ísfisksútfl. hefir einnig aukizt mikið, en mest er þó aukningin á útfl. síldarafurða og hinna ýmsu tegunda fiskimjöls. Á útfl. landbúnaðarafurða hefir einnig orðið breyting. Saltkjötsútfl. hefir hrúnið saman, en útfl. á frystu kjöti færzt í aukana. Rétt er þó að taka það fram, að fyrrnefnd tafla sýnir engan veginn verðmættaukningu eða rýrnun hinna mismunandi útfl. vara, heldur einungis innbyrðishlutfall þeirra og hlutfallslegt útfl.gildi þeirra fyrir þjóðina.

Loks er eftir að benda á nokkrar breytingar, sem orðið hafa á vörugreiningu innfl.verzlunarinnar. Samanburður á flokkaskiptingu innflutningsins árin 1920 og 1937 sýnir hana:

	1920:	1937:
Matvæli	18,4%	8,3%
Munaðarvörur	9,6%	6,4%
Vefnaður og fatnaður . .	13,2%	10,0%
Heimilismunir o. fl. . .	4,2%	4,9%
Til sjávarútvegsins . . .	21,1%	10,8%
— landbúnaðarins . . .	1,5%	5,2%
— ýmsl. framl.	7,8%	27,9%

Þessi tafla ber það mjög greinilega með sér, að hundraðshluti matvæla, munaðarvöru, vefnaðarvöru, heimilismuna og innfl.vöru til sjávarútvegsins af heildarútfl. hefir mjög farið lækkandi frá því um stríð. Í þess stað hefir hundraðshluti ljósmetis, eldsneytis, byggingarefna og nauðsynja til landbúnaðarins og ýmsl. annarrar framl. vaxið mjög ört.

Annað atriði, sem einnig er vert að geta í þessu

sambandi, er hlutfall neyzluvara og framleiðsluvara í innflutningnum. Árið 1919 voru 54,1% af innflutningnum neyzluvörur, en 45,9% framl.vörur, en árið 1937 voru hlutföllin þannig: 29,6% neyzluvörur og 70,4% framl.vörur.

Af þessum dæmum, sem tekin hafa verið bæði úr út- og innflutningsverzluninni, sést, að á eftir stríðsár-unum hefir orðið mikil breyting á þeim vörutegundum, sem landsmenn flytja aðallega út, og á þeim vörum, sem þeir flytja inn.

HEILDARSÝN.

Sumar þjóðir byggja auðug lönd og reka svo alhliða framleiðslu, að utanríkisverzlunin er tiltölulega veigalítill þáttur í búskapi þeirra. Þannig er því t. d. farið um Bandaríki Norður-Ameríku og Sovét-Rússland. Aðrar þjóðir framleiða aftur svo fábreyttar afurðir, að utanríkisverzlun er þeim lífsnauðsyn. Það er engum vafa undirorpið, að Íslandi ber flestum ríkjum fremur að skipa í hinn síðargreinda flokk, þó ekki væri nema vegna þess, að um 50% af þjóðartekjum sínum fá Íslendingar af utanríkisverzluninni. Enn ljósara verður þó gildi utanríkisverzlunarinnar fyrir Íslendinga af eftirfarandi samanburði: Utanríkisverzlunin hefir verið talin aflgjafi Bretaveldis og mun það varla ofmælt, því að hvorki meira né minna en 14% af allri heimsverzluninni eru í höndum Breta. En ef við gerum samanburð á utanríkisverzlun Breta og Íslendinga, rennur upp fyrir okkur sú nærri ótrúlega staðreynd, að miðað við fólksfjölda er verðmæti ísl. utanríkisverzlunar hlutfallslega 55% meira en verðmæti brezkrar utanríkisverzlunar. Það ætti því ekki að orka tvímælis, að utanríkisverzlunin er lífæð íslenzks þjóðarbúskapar.

Hér að framan hefir að nokkru verið leitast við að rekja tuttugu ára feril þessa þýðingarmikla þáttar í íslenzku atvinnulífi. Þankar þessir hafa á stöku stað verið lausari í reipunum en góðu hófi gegnir og röksemdafærslan ekki tæmandi, sökum þess að sneitt hefir verið að mestu hjá peningalegu hlið málsins (gengisbreytingum, lántökum, greiðslujöfnuði o. s. frv.). Þessi úrfelling peningamálanna er með vilja gerð, til þess að flækja ekki viðfangsefnið um of og gera framsetninguna sæmilega aðgengilega fyrir alþýðu manna. Þróunarferill ísl. peninga- og gengismála mun verða tekinn til meðferðar í annari ritgerð síðar á árinu.

Þótt þessum þáttum hafi án efa verið í mörgu áfátt, ættu þeir samt að geta orðið uppistaðan í heildarsýn yfir þetta viðskiptatímabil. Það sem verður auga næst í slíku yfirliti, er sú raunalega staðreynd, að við erum að mjög óverulegu leyti gerendur í okkar eigin verzlunarsögu. Þetta kunna að þykja allstór orð, en eru þó að sama skapi auð-rökstudd: Saga ísl. utanríkisverzlunar er fyrst og fremst saga útflutningsverzlunarinnar, en hún mótast að mestu af samtvinningu gæfta og verðlags. Innflutningsverzlunin dregur síðan dóm af gengi útflutningsverzlunarinnar að viðbættum ölduhreyfingum heimsviðskiptanna. Við erum því í stuttu máli sagt, hvað utanríkisverzlunina snertir, leiksoppar keipóttra náttúruafla og sveipóttra viðskiptastefna stórveldanna. Þetta virðast aum örlög, en yfir þeim

Framhald á bls. 31.

CASSON: Froskar og skjaldbökur

Ef menn snerta skjaldböku, dregur hún útlimina inn-fyrir skjöldinn og hreyfir sig ekki. En ef menn snerta frosk, þá stekkur hann. Og hann heldur áfram að stökkva, þangað til hann er úr hættu.

Skjaldbakan er auðvitað ekki þannig vaxin, að hún geti stokkið eða hlaupið. Hún lifir í feluskoti, ef svo má að orði kveða.

Nú er það svo, að margir verzlunarmenn eru eins og skjaldbökur, og nokkrir eru til, sem eru eins og froskar. Þeir, sem reyna að fara í felur, eru að mínu áliti fleiri en þeir, sem stökkva.

Á hættu- eða krepputímum hægja flestir menn ferð-ina og fara varlegar. A. m. k. halda þeir, að þeir séu að fara varlegar, með því að draga úr ferðinni.

Þeir draga að sér útlimina, hreyfa sig hvergi og óska þess, að þeir hefði skjöld á bakinu, eins og skjaldbakan. Þeir búast við áfalli og bíða eftir því. En það er ekki til þess fallið að gera reikningana glæsilegri.

En sumir verzlunarmenn — líklega einn hverra tíu — eru eins og froskarnir. Þegar hætta eða kreppa dyn-ur yfir, taka þeir undir sig stökk. Þeir fara að starfa.

Þeir örfast, en sljófgast ekki, af verzlunarerfiðleik-um. Meðan keppinautarnir bíða hins versta, þá bæta þeir við sig, — kaupa meira og selja meira.

Því, sem einn maður óttast, fagna aðrir sem góðu tækifæri. Verið ekki skjaldbaka!

CASSON: Heilbrigðisráðstöfun

Fyrirtæki eitt í London, sem heitir „New Hygiene“, auglýsir nú vökva, sem nefnist Germspray. Nota mörg fyrirtæki þetta efni til þess að hreinsa loftið í verzl-unarbyggingum sínum og húsakynnum.

Framkvæmdarstjóri fyrirtækisins, sem framleiðir þetta, er Ástralíumaður, sem hefir komið sér vel áfram í London.

Íslensk utanríkisverzlun, frh. af bls. 15

Þýðir þó lítið að æðrast. Enda hafa hvorki ísl. verzlun-arstétt né framleiðendur barið barlómsbumbur eða beð-izt meðaumkunar sökum þessara erfiðu kjara á undan-gengnum tveim áratugum.

Að vísu marka utanaðkomandi öfl ísl. utanríkisverzl-un bús, en samt sem áður hafa framleiðendurnir og verzlunarstéttin nokkurt olnbogarúm innan hinna settu marka, sem mikils er um vert að notað sé út í yztu æs-ar. Við höfum átt því láni að fagna að eiga bæði verzl-unarstétt og framleiðendur, sem höfðu í ríkum mæli að-hæfni til að bera, þ. e. a. s., sem gátu samlagað sig sér-hverri breytingu og sveiflu, sem varð á heimsviðskipt-unum. Er mér nærri að halda, að fáar þjóðir með litla viðskiptareynslu hefðu leikið það eftir að skipta jafn ört um viðskiptalönd og breyta framleiðslu sinni jafn fyrirvaralaust og Íslendingar urðu að gera á tveim síðustu áratugum. Á fáum árum var innflutningsverzl-uninni beint að verulegu leyti frá Danmörku til Eng-

„FRJÁLS VERZLUN“

Útgefandi: Verzlunarmannafélag Reykjavíkur. — Formaður: Friðþjófur O. Johnson.

Ritstjóri: Einar Ásmundsson. Ritnefnd: Adolf Björnsson, Björn Ólafsson, Pétur Ólafsson, Pétur O. Johnson, Vilhjálmur Þ. Gíslason. — Skrifstofa: Mjólurfélagshúsinu, 2. hæð, herbergi 16—17. — Áskriftargjald: 5 krónur á ári, 12 hefti. — Lausa-sala: 0,50 auro heftið. — Prentsmiðja: Ísafoldar-prentsmiðja h.f.

lands og Þýskalands, síðar til Spánar, þá Ítalíu og nú að síðustu til Svíþjóðar og Bandaríkjanna; útflutnings-verzluninni voru unnir markaðir í Portúgal, Cuba, Bra-zilíu, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Póllandi og víðar; framleiðslunni var gjörbreytt, í stað saltfisksins kom freðfiskur, harðfiskur og niðursoðið fiskmeti, í stað þorsksins síld og karfi, í stað saltkjötsins freðkjöt o. s. frv. Og ofan á þessar ytri torfærur bættust svo innri erfiðleikar, svo sem útl.tollar, háir skattar, innfl.höft, gjaldeyrisvandræði og greiðslusvik.

Að öllu athuguðu getur dómurinn um baráttu ísl. verzlunarstéttar og framl. á þessu tímabili varla orðið nema á einn veg, og hann er sá, að þeir hafi sýnt óvenjulega elju og ómetanlegan hæfileika til þess að laga sig eftir breyttum aðstæðum.

Tvær nefndir — tvö frumvörp frh. af bls. 3

Það þarf æði mikið ímyndunarafl til þess að koma saman slíku ákvæði sem þessu. Hér er gert ráð fyrir í hvert skipti, sem vara er verðlögð, að athugað sé eða sannað af inn-flytjanda að kostnaður hans hafi aukist vegna sölu þessarar vörutegundar, sem um er að ræða. Eða að áhættan sé svo mikil, að hún ætti út af fyrir sig að heimila ákveðinn hundr-aðshluta í álagningu. En hafi menn alls ekki selt samskonar vöru áður (eða fyrir 1/9 '39), þá lítur út fyrir að engin takmörk séu sett. Menn mega ekki hafa meiri nettó-ágóða en áður af hverri vörusendingu, án tillits til þess þótt heildarvörumagnið kunni að minnka um helming vegna þess að salan dregst saman um leið og verðlagið hækkar. Þar að auki er inn-flytjanda gert að skyldu að sanna að hækkun á vöruverði brjóti ekki í bága við ákvæði lag-anna. Slíkt er að líkindum eins dæmi.

Frumvarpið þarf talsverðra breytinga við, ef það á að verða framkvæmanlegt, og væri heppilegt að einhverir fengi um það að fjalla, sem þekkingu hafa á verzlun og viðskiptum.